

Ingibjörg Elsa Björnsdóttir,
B.A. B.Sc. M.Sc. with distinction
umhverfisefnafræðingur

Athugasemdir við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði – 2. Áfangi. Niðurstöður faghópa.

Í formála að skýrslu faghópa stendur eftirfarandi:

Markmið *Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði* er að skapa forsendur fyrir sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Í áætluninni skal leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita og áhrif þeirra á náttúrufar og menningarminjar, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði.

Athugasemd:

Í forsendum Rammaáætlunar er gert ráð fyrir því að hægt sé að ná sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða á Íslandi. Ekki hefur verið rætt um þessa staðhæfingu áður en Rammaáætlun hófst og alls óljóst er að Rammaáætlun muni nokkru sinni stuðla að nokkurri sátt. Það sem skortir í Rammaáætlun er heimspekileg greining og umræða um sjálfar forsendur þess mats og grundvöll þess raunvísindalega lífsviðhorfs sem birtist í Rammaáætlun. Samkvæmt því sem franskir póstmódernismenn hefur leitt í ljós, er ekki til neinn einn algildur sannleikur, og það er í raun hættulegt að telja slíkan algildan sannleika vera til eða telja sig vera handhafa hans. Þess vegna vantar meiri umræðu um aðferðafræðilegar forsendur matsins í Rammaáætlun, og það þarf ennfremur að undirstrika að alls ekki er um óháð mat að ræða (*objective*) þótt vissulega sé um mat sérfræðinga að ræða. Öll vísindaleg nálgun, jafnvel sú sem byggist á reiknilíkönum og stærðfræðilegum nálgunum hlýtur ætíð að vera að einhverju leyti huglæg (*subjective*) og stjórnast af þeim aðstæðum sem vísindamaðurinn er í hverju sinni. Þess vegna verður að setja Rammaáætlun í félagslegt og menningarlegt samhengi.

Hugmyndin að Rammaáætlun er upphaflega komin frá ríkisstjórnnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, þeim sömu ríkisstjórnnum sem virkjuðu við Kárahnjúka og sem litu á virkjanir á Íslandi sem sjálfsagt mál. Hugtakið sjálfbær þróun og sjálfbær nýting er marklaust, enda í raun erfitt að skilgreina hvað teljast skuli sjálfbær þróun, hvað þá sjálfbær nýting (það eru til a.m.k. 12 mismunandi skilgreiningar á sjálfbærri þróun). Þess vegna eru markmið um sjálfbæra þróun frá því fyrir bankahrún (skilgreind árið 1993) í raun marklaus þar sem ekki er hægt að útiloka að þau hafi á sínum tíma fyrst og fremst verið skilgreind út frá pólitískum forsendum. Samkvæmt hugmyndafræði þeirra ríkisstjórna sem störfuðu fyrir bankahrún var nýting auðlinda og allar framkvæmdir tengdar

slíkri nýtingu sjálfkrafa talin vera góðar og jákvæðar án tillits til langtímakostnaðar fyrir náttúru, umhverfi og samfélag. Í þessu viðhorfi er fólgin mannmiðlæg og nánast siðblind heimspeki sem alls ekki hefur verið krufin til mergjar eða rædd til hlítar í Rammaáætlun. Um hana er hins vegar nokkuð fjallað í 8.bindi Skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis frá 12. apríl 2010.

Talað er í texta í formála um að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Hér er þessi nýtingarhugsun aftur uppi á borðinu. Það virðist engum koma til hugar að besta „nýtingin“, kunni einfaldlega að vera að láta landið í friði og skila verðmætum þess til komandi kynslóða, þannig að eitthvað verði eftir handa komandi kynslóðum til að lifa á í þessu landi. Það er því full ástæða til að gagnrýna vöntun á heimspekilegri hugsun og hugvísindalegri og siðfræðilegri nálgun almennt í Rammaáætlun.

Það er einnig lýsandi að vinnu við Rammaáætlun er stjórnað af Iðnaðarráðuneytinu og er það arfur frá stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Með vaxandi orkupörf samhliða ótta við loftslagsbreytingar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda verður endurnýjanleg orka sífellt verðmætari. Æskilegt verður að nýta slíkar orkulindir svo fremi að það sé gert á sjálfbæran og vistvænan hátt. Á sama tíma vex jafnframt þörf og áhugi fólks fyrir útivist og tilvist ósnortinnar náttúru sem mótvægis við þéttbýlt manngert umhverfi. Það er einmitt í þessu samhengi sem mikilvægi *rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði* kristallast.

Athugasemd:

Ekki er nóg að tala um endurnýjanlega orkugjafa eins og þeir séu sjálfkrafa jákvæðir og lausn á loftslagsbreytingum þótt þeir séu endurnýjanlegir. Miklu nær er að tala í þessu sambandi um mjúka og harða orkugjafa. Íslenska orkukerfið hefur til þessa verið byggt upp af hörðum orkugjöfum, þ.e. stórum virkjunum/orkuverum og síðan öflugum og dýru flutningskerfi sem flytur rafmagnið langar vegalengdir. Slíkt er ekki umhverfisvænt og stangast að miklu leyti á við þá þróun sem er að verða í orkumálum annarsstaðar í Evrópu og Bandaríkjunum.

Mjúkir orkugjafar eru mun umhverfisvænni og gera ráð fyrir sólarcellum og vindmyllum á hverju húspaki, fyrir einstök hverfi eða við hvert fjölbýlishús, þannig að hið umfangsmikla og dýra dreifikerfi verði einfaldlega óþarft. Í Þýsklandi og á hinum Norðurlöndunum hefur verið mikil þróun í átt til mýkri orkugjafa þar sem húsin eru hönnuð með orkusparnað í huga og þar sem hver eining þótt smá sé verður sér nánast sjálfbær um orku. Þar með dregur verulega úr þörfinni fyrir stór orkuver eða stórar vatnsaflsvirkjanir, sem EKKI eru taldar umhverfisvænar.

Stórar vatnsaflsvirkjanir eru ekki taldar umhverfisvænar og eru oft ekki taldar með meðal umhverfisvænna orkugjafa þar sem þær eru taldar valda svo miklu tjóni á náttúrunni og þar sem oft verður að flytja fjölda fólks á brott vegna virkjanaframkvæmda. Smáar vatnsaflsvirkjanir eins og t.d. í bæjarlæknum eða fyrir einstaka hús eru hins vegar taldar koma til greina og þá einnig sem smáar vatnsmiðlanir.

Sólarorka er almennt talin verða orkugjafi framtíðarinnar fyrir þorra mannkynsins, og vindmyllur seljast nú um stundir eins og heitar lummur í Bandaríkjunum. Reyndar seljast vindmyllur svo sel að framleiðendur þeirra anna ekki eftirspurn.

Æskilegt væri að íslenskt orkukerfi myndi þróast smám saman í átt til meiri fjölbreytni og í átt til mýkri og umhverfisvænni orkugjafa, í stað þess að stöðugt sé treyst á uppbyggingu harðra og grófgerðra orkugjafa. Gæfa ætti fólki tækifæri til að setja upp sólarcellur/vindmyllur og aftengja sig að hluta frá dreifikerfinu.

Verðmæti náttúru og menningarminja eru líka metin hærra ef þær eru **viðáttumiklar/stórar eða samfelldar eða mynda sérstaka heild**. Til dæmis hafa minjaheildir, svo sem býli með túngarði, híbýlum og útihúsum, meira gildi en stakar minjar sem slitnar hafa verið úr samhengi og varðveist sem einangrað fyrirbæri.

Athugasemd:

Hvað er það sem segir að stórar heildir séu verðmætari en smáar? Eru Hljóðaklettur stórir eða ná Dimmuborgir yfir mjög stórt svæði og er Svartifoss við Skaftafell mjög stór eða hluti af mikilli heild? Hér er um umdeilt viðmið að ræða og hefði þurft að taka meira tillit til þess smáa og til þeirra svæða sem nú þegar eru í byggð og mynda þessvegna ekki endilega viðáttumikla landslagsheild.

Verðmæti víðerna ræðst fyrst og fremst af því hversu víðfeðm þau eru og flatarmál þeirra (stærð) ræður 80% af verðmætaeinkunninni. Þar sem voru fleiri en eitt undirviðfang undir hverju viðfangi voru þau ýmist látin veða jafnt (eins og berggrunnur, jarðgrunnur, vatnagrunnur og fallvötn/stöðuvötn innan viðfangsins jarðmyndunar og vatnafar) eða mismikið. Vogtölur undirviðfanga og viðmiða voru ræddar og ákveðnar sameiginlega innan faghópsins.

Athugasemd:

Þessi aðferð að skilgreina vogtölur og margfalda síðan til að finna meðaltal er meingölluð og í raun marklaus. Eina leiðin til að nálgast fagurfræðilegt mat á gildi náttúrunnar er með eigindlegu mati, þ.e. með því að skrifa um náttúruna og lýsa henni í orðum, en ekki í tölum. Það skiptir t.d. ekki máli hversu mörg tré eru í Bæjarstaðarskógi. Það sem skiptir máli er að skógur sá er fagur og stendur í Morsárdal þar sem útsýni er til Morsárjökuls. Mér finnst að Rammaáætlunin hefði þurft að hafa einn hóp af skáldum og rithöfundum sem hefðu nálgast náttúruna út frá fagurfræðilegum sjónarhóli og jafnvel umhverfissagnfræðilegu og siðfræðilegu mati einnig.

Það getur verið að aðferðafræði Rammaáætlunar hafi verið notuð erlendis, en það breytir því ekki að sjálf aðferðin er verkfræðileg/raunvísindaleg en ekki fagurfræðileg/heimspekileg/siðferðisleg og það er þar sem gallarnir liggja fyrst og fremst.

Í fyrsta lagi greindi hópurinn áhrifasvæði viðkomandi virkjana með tilliti til þess hvort þau hefðu *gildi fyrir ferðapjónustu* og hvaða áhrif virkjun gæti haft á möguleika fyrirtækja í ferðapjónustu til að nýta sér svæðið til framdráttar starfsemi sinni. Í öðru lagi taldi hópurinn að aðstæður til að *nýta varma* til annars en rafmagnsframleiðslu og möguleg nýting afgangsvarma gætu skotið traustari stoðum undir jarðvarmavirkjanir og skapað möguleika til framþróunar atvinnulífs í nærliggjandi byggð. Í þriðja lagi greindi faghópurinn þær virkjanir sem gætu skapað forsendur fyrir *orkufrekum iðnaði á landsbyggðinni*.

Í sjálfu sér er ágætt að meta gildi svæða fyrir ferðapjónustu, en eftir sem áður standa eftir spurningar eins og „eigum við að nýta allar þessar orkuauðlindir í dag fyrir núverandi kynslóðir eða geyma eitthvað til framtíðar“? Er nýting alltaf til góðs? Hefur einungis maðurinn rétt til að nýta náttúruna – hvað með dýr og fugla – hafa þau ekki einhvern rétt líka? Er verið að ganga á rétt íbúa á svæðum sem nýta á? Hver er réttur íbúa að fá að búa á svæði án nýtingar? Þetta eru mikilvægar siðferðilegar spurningar sem ekki fást nein svör við í rammaáætlun.

Síðan talar hópurinn um orkufrekan iðnað á landsbyggðinni án þess að ræða um það hvort að slíkur iðnaður sé eftirsóknarverður yfirleitt? Er sama með hvaða hætti störf eru sköpuð? Er réttætanlegt að byggja á Íslandi verksmiðjur sem losa hundruðir þúsunda tonna/ári af gróðurhúsalofttegundum? Eru allir Íslendingar sammála um að æskilegt sé að byggja upp stóriðju og orkufrekan iðnað í blómlegum landbúnaðarhéruðum Íslands? Hér eru stórar spurningar sem enn hafa ekki fengið nein svör.

Þannig er ljóst að þar sem Rammaáætlun byggist á mannmiðlægri hugmyndafræði frá því fyrir bankahrúnið, þar sem Rammaáætlun virðist ganga út frá ákveðinni heimspeki, sem hvorki er rædd né rökstudd heimspekilega, siðferðilega eða vísindalega, þá tel ég að einungis verði hægt að nota Rammaáætlun sem viðmið við mat á landslagi og hugsanlega áhrifum á ferðapjónustu. Rammaáætlun má á engan hátt verða stefnumótandi plagg, þar sem beita þarf mun hugvísindalegri og siðferðilegri aðferðum þegar kemur að sjálfri ákvörðunartökunni um virkjunarkosti framtíðar.

Virðingarfyllt

Selfossi, 18.apríl 2010.

Ingibjörg Elsa Björnsdóttir.